

Staður, Reykjanesi. Útfelling

Guðrún Sverrisdóttir

Greinargerð GSv-89-08

STAÐUR, REYKJANESI Útfelling

Vart hefur orðið við allmikla útfellingu í leiðslum úr kaldsjávarholu við Stað. Vegna beiðni frá Tilraunaeldisstöð Hafrannsóknarstofnunar var gerð lausleg könnun á samsetningu þessarrar útfellingar á efnarannsóknarstofu Orkustofnunar. Járnrör eru í holunni, en lögnin að kerjum Íslandslax er öll úr plasti. Útfellingin sest einkum í rörin þegar dælt er beint úr holunni, en þegar dælt er í miðlunartank fyrst verður hún á botni hans áður en sjórinn fer út í lagnirnar.

Í handsýni er ljóst að mikið járn er í útfellingunni, og það sést einnig ef saltsýru er dreypt á sýnið. Dálítil suða sást við sýrupróf þannig að vottur af kalki er í sýninu.

Útfellingin var fyrst greind með röntgen diffraksjón aðferð til að athuga hvort hún væri kristölluð. Grafið sýnir mikinn bakgrunn fyrir illa kristallað járn auk toppa fyrir goethítkristalla. (FeO.OH) Þá var efnasamsetning könnuð með röntgen fluorescence tæki og eina efnið sem fannst í miklu magni var járn. Dálítið greindist þó af Ca, Si, Cl og K.

Á efnarannsóknarstofu Orkustofnunar eru til heildarefnagreiningar frá árinu 1984 af grunnsjónum við Stað og þá hefur uppleyst Fe mælst aðeins 0,01 mg/kg. Það magn er við mörk þess sem mælanlegt er með þeim aðferðum sem notaðar eru á Orkustofnun. Heildarefnagreiningar úr kerjum Íslandslax voru síðast gerðar 1988 og þá var Fe ekki mælanlegt. Ekkert bendir til að uppleyst járn komist í kerin nú þar sem fiskurinn þolir ekki nema örlítið magn af því. Af þessu sést að erfitt er að ímynda sér hvaðan járníð er komið og þyrfti meiri rannsóknir til að komast að því. Vænlegra virðist að dæla sjónum gegnum miðlunartank til að koma í veg fyrir að lagnir stíflist meðan útfelling er svo mikil.